



UMSÖGN

Viðtakandi: Mannréttinda-, nýsköpunar- og lýðræðisráð

Sendandi: Skóla- og frístundasvið – jafnréttis-, lýðræðis- og mannréttindateymi

Umsögn um tillögu fulltrúa í ungmennaráði Breiðholts um kynjalaust skólaumhverfi í grunnskólum Reykjavíkurborgar.

Á fundi mannréttinda-, nýsköpunar- og lýðræðisráðs þann 10. mars 2022, var lögð fram tillaga fulltrúa í ungmennaráði Breiðholts, um kynjalaust skólaumhverfi í grunnskólum Reykjavíkurborgar, frá fundi borgarstjórnar og Reykjavíkurráði ungmenna þann 8. febrúar 2022. Á fundinum var samþykkt að vísa tillögunni til umsagnar skóla- og frístundasviðs.

Tillagan sem er til umsagnar:

Lagt er til að borgarstjórn samþykki að fela skóla- og frístundasviði í samstarfi við umhverfis- og skipulagssvið það verkefni að afnema kynjaskiptingu í grunnskólum Reykjavíkurborgar þar sem því verður við komið.

Greinargerð sem fylgdi tillögunni:

Meðvitund um málefni kynsegin einstaklinga í samfélaginu hefur farið vaxandi síðustu ár og meðfram henni hefur skapast umræða um þá útilokun sem kynjatvíhyggja hefur í för með sér. Þessi tvíhyggja birtist okkur á flestum stöðum í samfélagi okkar, líka í grunnskólum borgarinnar til að mynda með kynjaskiptum salernum, gjarnan í tímum á borð við íþróttir og jafnvel í hópaskiptingu í hefðbundinni faggreinakennslu. Þetta hefur í för með sér gífurlega neikvæð áhrif á líðan þeirra nemenda sem finna sig ekki innan þessarar tvíhyggju og getur haft í för með að þeir upplifi sig hvorki örugga né velkomna innan veggja skólans og úr því þarf að bæta.

Skóla- og frístundasvið fagnar tillögunni og tekur undir mikilvægi þess að öll börn upplifi sig örugg og velkomin í skóla- og frístundastarfi í borginni. Flókið getur reynst að afnema kynjaskiptingu að fullu í grunnskólum en nú þegar er verið að huga að því hvernig skapa má kynjahlutlaust skólaumhverfi og fyrstu skrefin hafa verið stigin í þá átt.

1. Starfshópur á vegum borgarinnar hefur verið að skoða hvernig má gera salernis- og búningaðstöðu í borginni ókyngreinda einmitt í þeim tilgangi að útiloka ekki þá sem ekki falla að kynjatvíhyggjunni. Könnun var lögð fyrir stjórnendur í skóla- og frístundastarfi og gerð þarfagreining og í kjölfarið lögð fram skýrsla og tillögur sem fela í sér úrbætur, sjá nánar hér: https://fundur.reykjavik.is/sites/default/files/agendaitems/bref_m_skyrslu_asamt_fylgis_kjolun.pdf



2. Annar starfshópur á vegum Reykjavíkurborgar lagði fram tillögur tilbóta í tengslum við fræðslu í kynja- og hinsegin fræðum í leik- og grunnskólum og frístundastarfi. Með því að efla þekkingu starfsfólks, barna og ungmenna á jafnréttis- og hinsegin málefnum sköpum við öruggara umhverfi fyrir öll. Hluta af því að læra um hinsegin fræði felur í sér fræðslu um kynrænt sjálfræði og gagnrýni á kynjativhyggjuna. Ein af tillögunum skýrslunni felur í sér að Reykjavíkurborg geri samning við þá aðila sem annast kannanir í skólakerfinu með það að markmiði að auka vitneskju um líðan hinsegin nemenda í grunnskólum Reykjavíkurborgar.

Hér er hægt að kynna sér tillögur starfshópsins:

https://fundur.reykjavik.is/sites/default/files/agendaitems/skyrsla_starfshops_kynja_hinseginfræðsla_2021.pdf

3. Safnað hefur verið saman öllu kennsluefni í kynja- og hinsegin fræðum sem starfsfólki í skóla- og frístundastarfi stendur til boða að nota og upplýsingar um það eru aðgengilegar öllum á vef Menntastefnu Reykjavíkurborgar. Vonast er til að þetta auðveldi starfsfólki að finna viðeigandi kennsluefni til að fræða um kynja- og hinsegin málefni og er það liður í því að skapa kynja- og hinsegin vænt umhverfi. Upplýsingar um kennsluefnið er að finna inni á vef Jafnréttisskóla Reykjavíkur og víðar, sjá nánar <https://reykjavik.is/jafnrettisskolinn>. Einnig má sjá skýrslu með samantektinni hér https://menntastefna.is/wp-content/uploads/2022/02/kynja_hinsegin_skyrsla_bjarklind_2021.pdf

Mikill vilji er á skóla- og frístundasviði til að taka áfram skref í þá átt að skapa hinseginvænt og margbreytilegt skólaumhverfi öllum börnum til heilla. Mikilvægt er að taka samtal við börn og ungmenni um þessi mál og vinna í anda lýðræðis með það að leiðarljósi að næstu skref séu tekin í samræmi við þarfir þeirra og óskir.

Virðingarfyllt,
Fulltrúar í jafnréttis-, lýðræðis- og mannréttindateymis
Skóla- og frístundasvið
Fagskrifstofa frístund